

Kirkjuþing 2024-2025

10. mál – Þskj. 10c

### Nefndarálit minni hluta

við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fasteignir  
Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023.

Frá minni hluta löggjafarnefndar

Frsm. Elínborg Sturludóttir

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur minni hluti nefndarinnar til að tillögunni á þingskjali 10a verði hafnað.

Stjórn Þjóðkirkjunnar hefur nú þegar tekið á leigu móttökuhúsnæði í Tjarnargötu 4 til næstu fimm ára og ákveðið að breyta því með tilheyrandi kostnaði, þar með hefur stjórnin í raun tekið fram fyrir hendur kirkjuþings um að taka ákvörðun um framtíð biskupsgarðs í Reykjavík. Æskilegra hefði verið að nýta það húsnæði sem þegar er í eigu þjóðkirkjunnar.

Reykjavík, 28. október 2024.

*Löggjafarnefnd.*

Elínborg Sturludóttir.